

80	Heiti sérlyfs	Framleiðandi	Samsvarandi lyf
24. maí	Sympatol ampullae	Ingelheim	Solutio oxedrini pro injectione D. D.
	Tannalbin	Knoll	Albumini tannas D. D.
	— tölur	—	Tablettae albumini tannatis D. D.
	Theocin	Bayer	Theophyllum Ph. D.
	Thebaicin	Gea	Tetraonum Ph. D.
	— ampullae	—	Solutio tetraoni pro injectione Ph. D.
	— dropar	—	Solutio tetraoni Ph. D.
	Trypaflavin	Bayer	Eufavinum D. D.
	Urotropin	S. K.	Hexamethylentetraminum Ph. D.
	Vasocordin	Leo	Oxedrini tartras D. D.
	— ampullae	—	Solutio oxedrini pro injectione D. D.
	Veronal	Bayer & Merck	Acidum diaethylbarbituricum Ph. D.
	Veronal natrium	—	Natrii diaethylbarbituras Ph. D.

Nú er sérlyf ekki greint í þessari skrá og er þó augljóslega samsvarandi lyfi, greindu í hinni opinberu lyfjaskrá eða lyfi, sem auðvelt er að setja saman úr þar greindum efnum, eða lyfi greindu í viðurkenndu lyfseðlasafni, og skal þá fara um afgreiðslu þess samkvæmt því, eins og það væri greint í þessari skrá.

Skrá þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 10. gr. tilskipunar nr. 112 20. ágúst 1938 um gerð og afgreiðslu sérlyfja.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Hvammstangaskólahverfi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Hvammstangaskólahverfi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Hvammstangaskólahverfis er bannað að selja eða afhenda börnum og unglungum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á tyggigúmmí, spýtubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglungum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglungum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd

hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá að því at- 81
huguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim. 26. maí

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almenn-
um knattborðstofum, danssölum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður að-
gangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðd., nema með aðstandendum sínum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og
unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannaferi eftir kl. 8 að kvöldi á
tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu 15. apríl
til 15. sept., nema í fylgd með aðstandendum sínum eða í nauðsynlegum erindum í
þeirra þágu.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um
að ákvæðum þessum sé fram fylgt.

5. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur nema með fengnu
leyfi barnaverndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndar-
lögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barna-
verndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

82

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um 26. maí
barnavernd í Eskifjarðarhreppi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá
1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Eskifjarðarhreppi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Eskifjarðarhrepps er bannað að selja eða afhenda börn-
um og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim
það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða
hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubríjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og
öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern
hátt hættulegar börnum og unglingum.